

Umhverfisstofnun
Áb. <u>HBB</u>
5. jan. 2019
<u>08.07.01</u>
Tilv. <u>UST201811-239</u>



Elkem Ísland ehf.
Grundartanga
301 Akranes

UMHVERFIS- OG
AUFUNDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 11. janúar 2019
Tilv.: UMH18110103/20-1

Ráðuneytið vísar til erindis yðar frá 15. nóvember 2018 um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir iðjuver Elkem Ísland ehf., Grundartanga vegna innflutnings, móttöku og meðhöndlunar eldhúðar frá Finnlandi. Fram kemur í erindinu að Elkem Íslandi ehf. hafi áður, eða þann 3. júní 2016, óskað er eftir undanþágu á starfsleyfi iðjuversins og með bréfi hinn 1. júlí 2016 hafi ráðuneytið veitt tímabundna undanþágu til að flytja inn, taka á móti og meðhöndla eldhúð frá Finnlandi. Fram kemur í erindinu frá 3. júní 2016 að eldhúðin sé skilgreind sem úrgangur samkvæmt finnskum reglugerðum og því sé um að ræða viðbótarleyfi við úrgangskafli á starfsleyfi fyrirtækisins. Eldhúð sé einnig flutt inn frá m.a. Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Í þeim tilfellum sé hún hins vegar ekki skilgreind sem úrgangur. Í erindinu frá 15. nóvember 2018 kemur fram að tilraunin með eldhúðina sem flutt var inn frá Finnlandi hafi gengið vel og vilji er til að endurtaka hana til að staðfesta niðurstöðurnar. Eldhúðin verði flutt inn frá Tornio í Finnlandi í byrjun árs 2019 og er framleiðslan áætluð á fyrsta árfjórðungi 2019. Allar forsendur séu hinar sömu og í fyrra skiptið. Ætlunin sé að sækja um varanlegt leyfi fyrir þessum innflutningi með því að setja ákvæði inn í starfsleyfi verksmiðjunnar á Grundartanga en þeirri vinnu sé enn ekki lokið.

Í 3. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að ráðherra sé heimilt ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá kröfum um starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Heilbrigðisnefnd Vesturlands.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu 7. janúar 2019. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að rekstraraðili hafi áður fengið tímabundna undanþágu til að flytja inn, taka á móti og meðhöndla eldhúð. Eftir reglubundna endurskoðun á starfsleyfi Elkem Íslands ehf. hafi rekstraraðila verið gert að sækja um nýtt starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun. Unnið sé að nýju starfsleyfi þar sem fyrirhugað sé að móttaka og meðhöndlun á eldhúð sem skilgreind er sem úrgangur verði heimiluð. Umhverfisstofnun geri ekki athugasemdir við fyrirkomulagið og að undanþága verði veitt en geri ráð fyrir að efniseiginleikar eldhúðarinnar sem á að meðhöndla séu ekki lakari en gögn sem umsókn um undanþágu frá 2016 gáfu til kynna. Umhverfisstofnun getur í eftirliti viðhaft eftirlit með efniseiginleikum eldhúðarinnar.


Í ljósi framangreindrar umsagnar Umhverfisstofnunar og í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellst ráðuneytið á að veita Elkem Ísland ehf., Grundartanga tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til að flytja inn, taka á móti og meðhöndla

allt að 500 tonn af eldhúð frá Finnlandi að því tilskildu að fyrirtækið uppfylli að öðru leyti ákvæði starfsleyfis fyrir iðjuver Elkem Ísland ehf., Grundartanga sem Umhverfisstofnun gaf út 20. ágúst 2009 og lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda.


Undanþága þessi gildir til þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó ekki lengur en til 1. október 2019.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Kjaran Ingvarsson

Afrit:

Heilbrigðisnefnd Vesturlands